

Lýðheilsu- og tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 5 - 18 ára og eldri borgurum 67 ára eldri styrk til að stunda íþrótt-, æskulýðs- og menningarstarf. Meginreglan skal vera sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 6 vikur samfellt. Hægt er að ráðstafa styrk til greiðslu styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi. Að auki geta ungmenni í framhaldsskóla nýtt sér styrkinn til kaupa á árskortum í líkamsræktarstöðvar.

Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árnesinga og Tónsmiðju Suðurlands fellur ekki undir styrkveitingu.

Skilyrði fyrir veitingu lýðheilsu- og tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 5 - 18 ára eða 67 ára og eldri.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna lýðheilsu- og tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingátímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þáttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- Lýðheilsu- og tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.

Styrkur getur orðið að hámarki 40.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 4. september 2019

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri